

Mýrdalshreppur
Ásgeir Magnússon
Austurvegi 17
870 Vík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. apríl 2011
Tilvísun: UST20110200150/bs

Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Gerð sjóvarnargarðs. Umsögn

Vísað er til bréfs Mýrdalshrepps dags. 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Hér er um að ræða tvo valkosti varðandi sjóvörn neðan byggðar í Vík austan Víkurár. Um er að ræða tvo valkosti auk 0-lausnar. Annar vegar gerð sjóvarnargarðs samsíða ströndinni og hins vegar gerð sjóvarnargarðs þvert á ströndina rétt austan núverandi óss Víkurár (svonefndur sandfangari). Ráðgert er að sandfangarinn verði um 300 m að lengd og hæð hans verði allt að 7,5 m miðað við stórstraumsfjöru. Efni verður í báðum tilvikum tekið úr opinni grjótnámu á Sólheimaheiði.


Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum umræddrar skipulagsbreytingar er sú að gerð sandfangara muni hafa minni umhverfisáhrif í för með sér en aðrir valkostir. Gert er ráð fyrir að ströndin haldist lítt breytt ef sandfangari hefur þau áhrif sem til er ætlast. Því mun fjaran nýtast áfram til útivistar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur